RÍKISKAUP

# Fræðslurit Ríkiskaupa

## VERÐKÖNNUN
## VERÐFYRIRSPURN
## ÚTBOÐ



# Bestu kaup
# Hvernig ber ég mig að?

Útgefið af Ríkiskaupum
Maí 2010
Ábyrgðarmaður: Birna G. Magnadóttir

# Rammasamningar eru skilvirkt innkaupaferli

**Bestu kaup**

Úr innkaupastefnu ríkisins:
*" Þeir sem annast innkaup af hálfu ríkisins skulu vinna út frá því að besta mögulega niðurstaða fáist að teknu tilliti til kostnaðar, tíma og ávinnings. Lægsta verð tryggir ekki endilega bestu kaup. Skilvirkt innkaupaferli lágmarkar tíma og kostnað fyrir hlutaðeigandi aðila. "*

**Í rammasamningum Ríkiskaupa er þegar búið að:**

- velja hæfa bjóðendur
- velja vöru/þjónustu sem stenst ákveðnar gæðakröfur
- uppfylla útboðsskyldu

**Kaupendur geta því einbeitt sér að sjálfum innkaupunum.**

**VERÐKÖNNUN**

**Upplýsingar um umsamda afslætti er að finna á rammavef Ríkiskaupa** en verðlistar og aðrar verðupplýsingar liggja oftar en ekki aðeins hjá hverjum birgja fyrir sig.

Þegar vara eða þjónusta er keypt innan rammasamnings þar sem fleiri en einn birgi selur sömu vöru eða þjónustu er oft nauðsynlegt og góð vinnubrögð að gera **verðkönnun** innan rammasamnings til að fá fram þau verð sem ríkisstofnunum standa til boða skv. rammasamningum.

Til þæginda fyrir kaupendur í rammasamningum er fyrirspurnarhnappur við hvern rammasamningsflokk á rammavefnum sem hægt er að nota til að senda einfalda verðkönnun í tölvupósti á alla birgja innan ákveðins samnings.

**ÖRÚTBOÐ**

Margir rammasamningar, s.s. um sérfræðiþjónustu, bjóða einnig upp á örútboð innan rammasamnings. Leiðbeiningarit um framkvæmd örútboða og kaup á sérfræðiþjónustu eru á vef Ríkiskaupa:

http://www.rikiskaup.is/rammasamningar/almennt-um-rammasamninga/nr/480

# Önnur kaup undir viðmiðunarmörkum

**Viðmiðunarmörk útboðsskyldu**

Vörukaup innanlands = 6.2 M króna án vsk.
Þjónusta og verkframkvæmdir innanlands = 12.4 M króna án vsk.

Fari áætluð kaup á vöru eða þjónustu hins vegar yfir 16.7 M króna án vsk skal bjóða út á Evrópska efnahagssvæðinu (EES).

Hjá sveitarfélögum eru EES mörkin 25.8 M króna án vsk.

Verkframkvæmdir yfir 649.2 M króna án vsk skal einnig bjóða út á EES.

Samkvæmt lögum um opinber innkaup er stofnunum skylt að bjóða út kaup á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum ef áætlað verðmæti þeirra fer yfir tiltekin viðmiðunarmörk.

## VERÐFYRIRSPURN

Sé áætlað verðmæti **undir þessum viðmiðunarmörkum og vara eða þjónusta utan rammasamnings** ber stofnunum engu að síður að gæta hagkvæmni og bera saman verð hjá mögulegum bjóðendum áður en ákvörðun um innkaup er tekin. Í lögunum er kveðið á um að slíkur samanburður skuli að jafnaði gerður bréflega eða með rafrænum hætti.

Ríkisendurskoðun og Ríkiskaup hafa tekið saman sérstakt eyðublað fyrir slíkar verðfyrirspurnir. Kaupendur eru hvattir til þess að kynna sér eyðublaðið og nota það þegar kannað er verð á vöru og þjónustu undir viðmiðunarmörkum.

Eyðublaðið má nálgast á vef Ríkiskaupa:
http://www.rikiskaup.is/media/rammavefur/Verdfyrirspurnarform_DES2011_Vistvaent.pdf



Útgefið í apríl 2010

VERÐFYRIRSPURNARFORM

vegna kaupa á vöru eða þjónustu sem falla ekki innan rammasamninga og eru undir útboðsmörkum (sbr. 22. gr. laga um opinber innkaup)*

1. Lýsing á því sem fyrirhugað er að kaupa (hver er varan/þjónustan, hver er tilgangurinn með kaupunum, hvaða kröfur þarf varan/þjónustan að uppfylla?)
2. Gildistími verðupplýsinga:....................
3. Hvaða söluaðilar bjóða vöruna/þjónustuna og hverjir þeirra fengu verðfyrirspurn?

| Söluaðili | Verðfyrir-spurn | | Form verðfyrirspurnar | | | | Tengiliður eða aðrar upplýsingar, s.s. heimasíða | Verð m/VSK | Er vara/þjónusta í boði strax | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Já | Nei | Heima-síða | Símtal | Verslun | Tölvu-póstur | | | Já | Nei |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |
| | | | | | | | | | | |

Upplýsingar vegna verðkönnunar hjá þeim söluaðila sem valinn er að lokinni verðkönnun:

4. Hvað réði vali á söluaðila? ____
5. Dagsetning samskipta/tilboðs: ____
6. Nafn tengiliðar fyrir hönd stofnunar: ____
7. Nafn söluaðila/birgja: ____
8. Nafn tengiliðar hjá seljanda: ____
9. Símanúmer/tölvupóstfang tengiliðar: ____
10. Hvernig verður gengið frá kaupunum?
☐ Skriflegur samningur ☐ Munnlegur samningur ☐ Tölvupóstur ☐ Vefverslun
11. Hvaða upplýsingum/niðurstöðu verður skilað til þeirra sem tóku þátt í verðkönnun við lok könnunar, þ.e. með hvaða hætti verður þeim söluaðilum sem ekki urðu fyrir valinu tilkynnt niðurstaðan?
☐ Tilboðum hafnað formlega ☐ Tilboð rennur út

* Stofnun setur sér viðmið, með hliðsjón af ákvæðum laga um opinber innkaup, um það hvenær getur talist eðlilegt að nota formið

# Ríkiskaup bjóða fjölbreytta þjónustu og ráðgjöf

Viðskiptavinir geta valið að láta reynda starfsmenn Ríkiskaupa alfarið um útboðið eða unnið hluta útboðsferlisins skv. skilgreindri verkaskiptingu.

Góður undirbúningur er nauðsynlegur. Til þess að útboð skili tilætluðum árangri verða ákveðnir lykilþættir að liggja fyrir og skýr verkaskipting þarf að vera milli kaupenda og útboðsaðila:

**Góð útboðsgögn:**

- Markmið og þarfir kaupenda verða að vera ljós
- Skýrar SKAL kröfur og aðrar kröfur
- Skýrir matsþættir eða matslíkan
- Skýrar kröfur um gæði vöru og þjónustu
- Skýrar kröfur um hæfi bjóðenda

**Skýrt matslíkan:**

- Hvaða þættir eru metnir
- Hvernig er þættir metnir
- Hver metur tilboðin
- Hvernig eru tilboð valin
- Hvernig er valið rökstutt

**Samningsstjórnun:**

- Ferlið eftir töku tilboðs
- Hlutverk kaupenda og seljenda
- Hvað gerist á samningstíma
- Eftirlit með efndum samnings

Fáðu ráðgjöf og nýttu þér þjónustu Ríkiskaupa þegar kemur að innkaupum stórum sem smáum.

Verðskrá Ríkiskaupa er á vefnum okkar
Hringdu og fáðu tilboð s: 530 1400

# INNKAUP ERU FAG

## HVER ER ÞÍN SÉRGREIN?



# Fræðsla og upplýsingar

- **WWW.RIKISKAUP.IS !** Eina lénið sem þú þarft að muna. Gagnlegar upplýsingar á einum stað um útboð ríkisins, rammasamninga auk annarra málefna er tengjast opinberum innkaupum.

- **Minnum á póstlistann !** Auðveld leið til að tryggja kaupendum og seljendum aðgengi að upplýsingum um rammasamninga er skrá sig á póstlistann okkar. Gegnum hann færðu sent Fréttabréf Ríkiskaupa og útboðsauglýsingar.

- **Útboðsauglýsingar !** Upplýsingar um rammasamningsútboð og önnur útboð í gangi eru birtar á vef Ríkiskaupa.

- **Fréttabréf Ríkiskaupa !** Tilkynningar um nýja rammasamninga eða breytingar á gildandi rammasamningum eru sendar út í rafrænu Fréttabréfi Ríkiskaupa.

- **Rammavefur Ríkiskaupa !** Upplýsingar fyrir kaupendur um kjör í rammasamningum er að finna á rammavef Ríkiskaupa. Kaupendur þurfa að sækja um aðgang: birna@rikiskaup.is

- **Fræðsluröð Ríkiskaupa !** Reglulegir kynningarfundir um rammasamninga, námskeið fyrir kaupendur og seljendur, ráðstefnur ofl.

- **Ráðgjöf og þjónusta !** Starfsfólk Ríkiskaupa er ávallt reiðubúið að aðstoða kaupendur jafnt sem seljendur. Hringdu og leitaðu ráða eða fáðu tilboð í innkaupa– eða útboðsverkefni stór og smá.

RÍKISKAUP

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
www.rikiskaup.is